

**Nd.**

**166. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Magnús Torfason.

1. og 2. málslið 3. gr. skal orða svo:

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt, er miðaður sje við samtölu fasteignarhundraða innan hverrar sýslu.

Hreppsnefnd heimtí skattinn af ábúanda hverrar jarðar, eða eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kauplúnum, kjósi hún ekki að greiða skattinn beint úr sveitarsjóði.

Skattinn skal greiða sýslumanni á manntalsþingi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt óskum kjósenda eystra. Telja þeir heppilegra, að hreppsnefnd sje frjálst að haga skattálögum þessum eftir því er best hentar í hverjum hreppi.